

FUNDARGERÐ

Árið 2017, miðvikudaginn 4. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson boðaði forföll.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 1. september 2017

Lögð var fram fundargerð frá 1. september 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 1. september 2017 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2016

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs árið 2016. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

Fram kemur í ársreikningi 2016 að rekstrarhali Jöfnunarsjóðs var 221,3 m.kr. samanborið við 793,9 m.kr. rekstrarafgang á síðasta ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 7.581,7 m.kr., skuldir 6.237,7 m.kr. og eigið fé 1.344,0 m.kr.

Ábending kom fram frá ráðgjafarnefndinni um að fá ársreikning fyrir í hendurnar áður en hann er kynntur á fundi ráðgjafarnefndarinnar.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2017

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017. Farið var yfir einstaka tekju- og gjaldaliði og kom fram að óráðstafað fé væri um 1.100 milljónir. Ákveðið verður á næsta fundi hvort hækka eigi útgjaldajöfnunarframlagið á árinu 2017.

4. Greiðslu- og rekstraráætlun 2018

Lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 án framlaga vegna yfirfærslu grunnskóla og yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

5. Áætlað fasteignaskattsframlag 2018

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2018. Samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 2.846,8 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningarstofna sem eru í gildi á árinu

2017, með álagningarhlutfalli þess árs. Á grundvelli reglugerðarinnar er fyrirframgreiðsla framlaganna innt af hendi í fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2018.

Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september 2018 á grundvelli upplýsinga frá Fasteignaskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts miðað við 31. desember 2017, afslætti sveitarfélaga á árinu 2018 og álagningarhlutföll á árinu 2018.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4.744,7 m.kr. á árinu 2018 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2018.

6. Sóknaráætlun landshluta

Dagskrárliðnum var frestað þar sem landshlutasamtök hafa ekki öll skilað greinargerðum um framkvæmd verkefna og kostnaðaráætlun á árinu 2017.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

7. Útílífsmiðstöð skáta að Úlfjótuvatni

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 2. október 2017, með umsókn frá Úlfjótvatnsráði, dags. 24. janúar 2017. Þar kemur fram að Skólabúðir hafi verið reknar að Úlfjótuvatni í nærri 25 ár og er það mat ráðsins að skólabúðirnar búi við skerta samkeppnisstöðu þar sem Skólabúðirnar að Reykjum hafi verið styrktar af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá yfirfærslu grunnskólans.

Er það mat Úlfjótvatnsráðs að ríki og sveitarfélögum beri að styðja við rekstur skólabúða og að skýr krafa sé gerð um það að Úlfjótvatn sitji við sama borð og Skólabúðirnar að Reykjum þegar kemur að fjárstuðningi opinberra aðila.

Fram kom í umræðu um málið að starfsemin að Úlfjótuvatni væri ekki með sambærilegum hætti og starfsemin að Reykjum og að í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. mars 1996, um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna komi eftirfarandi fram í 10. lið samkomulagsins:

Að „sveitarfélögin eigi kost á að fá skólahúsnæði á Reykjum í Hrútafirði undir rekstur skólabúða. Samkomulagi þar að lútandi milli menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði hraðað svo sem kostur er. Áframhaldandi rekstur skólabúðanna verði tryggður með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.“

Jafnframt kom fram að gerður hafi verið samningur um rekstur búðanna strax eftir yfirfærslu milli sambandsins, menntamálaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs. Síðast var gerður samningur sem tók gildi 1. ágúst 2001 en á grundvelli þess samnings tók Húnaþing vestra að sér rekstur búðanna en sambandið og Jöfnunarsjóður eru aðilar að samningnum sem fyrr.

Að umfjöllun lokinni hafnaði ráðgjafarnefndin umsókninni þar sem rekstur skólabúðanna að Úlfjótuvatni væri ekki með sambærilegum hætti og starfsemin að Reykjum í Hrútafirði.

8. Fundur með fræðslustjórum og stjórnendum skólaskrifstofa

Lögð var fram til kynningar dagskrá haustfundar Grunns sem haldinn verður 3. nóvember n.k. á Hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

9. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2018

Lagt var fram til kynningar erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. maí 2017, þar sem sjónarmið sambandsins koma fram með hvaða hætti eigi að haga skiptihlutföllum þeirra breyta sem notuð eru við útreikning framlaganna.

Ákveðið að taka málið aftur til umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

10. Erindi frá stjórn samtaka félagsmálastjóra

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá samtökum félagsmálastjóra á Íslandi. Í erindinu er óskað eftir styrk til að mæta kostnaði vegna samráðsfundar þjónustusvæða um málefni fatlaðs fólks 26. október nk.

Samþykkti ráðgjafarnefndin styrk til samtakanna vegna kostnaðar við fundinn að fjárhæð allt að 200.000 kr.

11. Endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Formaður ráðgjafarnefndar og starfsmenn sjóðsins gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum nefndar um endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fram kom að formaður nefndar sem endurskoðar jöfnunarframlög sjóðsins mun flytja erindi um málið á ársfundi Jöfnunarsjóðs og á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

12. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Farið var yfir fyrirkomulag og dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem fram fer síðar um daginn.

13. Önnur mál

Rætt var um fyrirkomulag og dagskrá ferðar nefndarinnar til Brussel.

Næsti fundur var ákveðinn, 27. október kl. 9:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson